

Nr. 10/2022-2023

**Þingsályktun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar.**

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir eftirfarandi fræðslustefnu þjóðkirkjunnar:

## **Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar**

### **Frá vöggju til grafar**

2023-2026

Tengsl, vöxtur og framlag



Elín Elísabet Jóhannsdóttir

## Efnisyfirlit:

Almennt um fræðslustefnu og fræðslustarf Þjóðkirkjunnar.....	3
Flokkar fræðslustarfsins.....	4
Hugmyndafræði og meginstef.....	5
Heildarmarkmið.....	6
Matsaðferð: Lausnamiðað símat.....	6
Aðgerðaráætlun.....	8
Starfsfólk: Fræðsla og uppbygging .....	8
Umhverfismálin.....	8
Skírnin.....	9
Fermingarstörf.....	9
Barnastarfið.....	10
Grunnskólar: Kristinfræði með lífsleikni/áhrif Biblíunnar á íslenskt mál.....	11
Unglingastarfið/æskulýðsfélög.....	11
Ungt fólk.....	12
Fullorðið fólk.....	12
Kynningarmál.....	13
Kirkjudagar.....	13
Efnisveitan, kirkjan.is og kirkjuvarpið/hlaðvarp.....	13
Matsblöð.....	14

## Almennt um fræðslustefnu og fræðslustarf Þjóðkirkjunnar

Með fræðslustefnu sinni stuðlar Þjóðkirkjan að faglegu og markvissu fræðslustarfi í söfnuðum landsins. Fræðslustarf kirkjunnar fer fram í prófastsdæmum, í sóknum, á námskeiðum fyrir ákveðna hópa og fyrir starfsfólk kirkjunnar. Auk þess hefur færst í vöxt að fræðslustarfið fari fram á samfélagsmiðlum, á vefsíðum og með hlaðvörpum.

Sóknin er grunneining safnaðarstarfs og að jafnaði er gert ráð fyrir því að grunnþjónusta kirkjunnar sé í boði í hverri sókn. Þar sem prestakall er samsett úr fleiri en einni sókn gengur skipulag starfsins út frá þeirri einingu. Enn fremur er eðlilegt að samstarfssvæði leggi krafta sína saman og eigi samstarf um þá fræðslu sem hagkvæmt þykir að bjóða fram í stærra samhengi.

Innan hvers prófastsdæmis er sett saman áætlun um fræðslumál þar sem skilgreint er hvað gera skuli í hverri sókn eða prestakalli og innan samstarfssvæða. Þar er einnig áætlað hvað skuli gert á vettvangi prófastsdæmisins í heild.

Prófastsdæmi sinnir sérstökum verkefnum í unglingsstarfi og starfi með ungu fólki eftir því sem aðstæður leyfa. Þar er jafnframt boðið upp á starfsmannþjálfun. Þar sem starfræktar eru kirkjumíðstöðvar geta þær, með samþykki héraðsfunda og sókna, tekið að sér einstaka fræðsluverkefni svo sem barnastarf á sumrin. Einnig geta þær skipulagt fermingarbarnamót og fræðslu fullorðinna á svæðinu.

Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að fylgja eftir fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar í umboði biskups Íslands og vinna aðgerðaráætlun til næstu fjögurra ára. Efnisgerð, fræðsla leiðtoga og starfsfólks Þjóðkirkjunnar er fyrst og fremst á ábyrgð Þjónustumiðstöðvarinnar. Prestum, djáknum og öðru starfsfólki er boðið upp á fundi þar sem fræðslustarf í prófastsdæmum er rætt og starfsfólk leitt í gegnum uppbyggilegt ferli þar sem mat er lagt á starfið og horft er til næstu skrefa. Auk þess hefur hefð verið fyrir því að halda árlegan fræðslufulltrúafund að vori, þar sem fulltrúar hvers prófastsdæmis ræða stöðu fræðslu- og safnaðarstarfsins.

Á fjögurra ára fresti skal boðið til fræðsluþings þar sem fræðslustefna Þjóðkirkjunnar er endurskoðuð eða ný lögð fram til umræðna og umsagnar. Gert er ráð fyrir að hver fræðslustefna gildi í fjögur ár senn.

Gengið út frá því að fjárhagsáætlanir og fjárveitingar varðandi efnisgerð, námskeiðahöld, kynningarmál og framkvæmd fræðslustarfs í allri sinni fjölbreytilegu mynd taki mið af samþyktri stefnu.

## Flokkar fræðslustarfsins

Hér fyrir neðan má sjá grófa flokkun á fræðslu- og safnaðarstarfi innan Þjóðkirkjunnar.

### 1. Starfsfólk: Fræðsla og uppbygging:

- Fyrir presta, djákna og annað fagfólk.
- Fyrir launað starfsfólk safnaða: Organista og annað tónlistarfólk, kirkjuverði, æskulýðsstarfsfólk o.fl.
- Fyrir sjálfboðaliða í kirkjustarfi.
- Fræðsla fyrir sóknarnefndir.
- Fræðslutilboð á netinu frá erlendum samstarfsaðilum.

### 2. Fræðsla barna og unglinga:

- Skírnarstarf: Skírnarbörn/ungbörn. Krílasálmar.
- Barnastarf: Sunnudagaskólinn, 6-9 ára starf, 10-12 ára starf, barnakórastarf.
- Stuðningsefni (ítarefni) fyrir grunnskólakennara í kristnum fræðum.
- Fermingarstarf. Huga þarf að börnum með sérþarfir.
- Starf með unglingum og ungu fólki, s.s. æskulýðsfélög og kórar.

### 3. Fullorðinsfræðsla:

- Fjölskyldan: Foreldrafræðsla/foreldrastarf fyrir foreldra skírnarbarna (foreldramorgnar) og foreldrar fermingarbarna. Huga þarf að fræðslu fólks af erlendum uppruna.
- Fjölskyldan: Hjóna- og parafræðsla.
- Fræðsla til fólks í félögum og klúbbum innan safnaða svo sem kvenfélaga, karlklúbba, þrjónaklúbba, kóra, sorgarhópa o.s.frv.
- Almenn fræðsla í formi námskeiða, s.s. trúarlegt uppeldi og lífsskoðanir, *Vinir í bata, Konur eru konum bestar, hjónanámskeið*.
- Almenn fræðsla á netinu/hlaðvarp.
- Starf eldri borgara.

### 4. Kynningarmál:

- Kynningar og auglýsingar prófastsdæma og sókna sem tengjast fræðslu- og safnaðarstarfi.
- Kynningarpakkar og heildarauglýsingar frá Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.
- Kirkjudagar.

## Hugmyndafræði og meginstef

Kirkjan hefur ætíð haft það að leiðarljósi að mæta þörfum fólks þar sem það er statt hverju sinni. Hér áður fyrr mætti kirkjan samtíma sínum með því að kenna öllum að lesa. Það var framlag kirkjunnar til íslensku þjóðarinnar á þeim tíma. Kirkjan birtist þar sem einhvers konar skóli. Eins má geta þess að víða um heim settu kirkjur á fót sjúkrahús. Því má spyrja hvert er „sjúkrahús“ eða „skóli“ kirkjunnar í dag? Um leið er erfitt að horfa fram hjá þeirri spurningu hvert hlutverk kirkjunnar er í samfélagi fjölhyggju og veraldarhyggju að ógleymdri fjölmeningunni. Því er mikilvægt að leita svara við spurningunni með hvaða hætti kirkjan getur aukið og styrkt tengsl sín við samfélagið eins og það er í dag og verið því mikilvæg.

Í þessari fræðslustefnu er litið til þess ástands sem ríkir í samfélaginu vegna langvarandi ágjafar og afleiðinga af völdum heimsfaraldurs, stríðsátaka og þeirrar ógnar sem stafar af loftslagsbreytingum. Því er áhersla lögð á geðrækt og andlega uppbyggingu í ljósi kristinnar trúar. Um leið þarf að taka mið af því álagi sem kirkjan sjálf hefur orðið fyrir vegna þjóðfélags- og stjórnsýslulegra breytinga á undanförunum árum. Því er hugað sérstaklega að starfsfólki sem sér um fræðslu- og safnaðarstarf. Það er gert annars vegar með því að útvega aðgengilegt fræðsluefni en hins vegar með námskeiðum og fundum um lausnamiðaða nálgun þegar kemur að uppbyggingu og framkvæmd fræðslu- og safnaðarstarfs.

Geðrækt er þverfaglegt hugtak en inni í því eru fólgnir þættir sem ýta undir jákvæða sjálfsmynd, góð samskipti og vellíðan í leik og starfi, félagstengsl styrkt og unnið gegn félagslegri einangrun.

Með andlegri uppbyggingu er átt við að trúarleg uppfræðsla byggir á þáttum sem snúa að andlegri heilsu og velferð fólks.

Allt fræðslu- og safnaðarstarf kirkjunnar byggir á evangelískum lútherskum grunni og grunddygðum kristinnar: Trú, von og kærleika. Einnig þeim gildum sem Þjóðkirkjan hefur valið sér: Biðjandi, boðandi og þjónandi. Hér er Biblían þungamiðja þar sem trúarlíf og andleg velferð, kristin gildi, mannkostamenntun, heilbrigð samskipti og jákvæð félagstengsl gegna lykilhlutverki.

Fræðsla og boðun eru lykilþættir fræðslustefnunnar. Með fræðslu er átt við þann þátt sem snýr að því að efla almennt þekkingu fólks á kristinni trú og boðskap hennar. Með boðun er hins vegar átt við fræðslu sem byggir upp persónulega tengingu fólks við kristna trú og boðskap hennar þannig að það eflist í trú sinni. Mikilvægt er að nálgast bæði fræðslu og boðun með fjölbreytilegum hætti og huga að ólíkum kennslufræðilegum leiðum. Með kennslufræði er átt við gerð fræðsluefnis og þróun góðra kennsluáferða og leiða til þess að meta árangurinn.

Með mannkostamenntun<sup>1</sup> er átt við eflingu siðferðisþroska og dygðalæsis. Í því er falin sú hæfni að þekkja og skilja dygðir og geta hugsað á gagnrýninn hátt um siðferðileg álitamál. Takmark mannkostamenntunar er að efla fólk í því að vaxa og þroskast sem góðar manneskjur sem eru færar um að taka skynsamlegar ákvarðanir í lífinu.

---

<sup>1</sup> Kristján Kristjánsson. (2007). Aristotle, emotions, and education. Aldershot: Ashgate.

Kristján Kristjánsson. (2015). Aristotelian character education. London: Routledge

Vert er að geta þess að allt starf kirkjunnar er í eðli sínu geðræktarstarf eða andleg uppbygging. Vonarboðskapur kristinnar trúar getur, auk trúar- og bænaíðkunar, stuðlað að bættri líðan fólks. Kennsla um kristin gildi getur auk þess hjálpað því að fóta sig í flóknum heimi samskipta.

Fjölbreytilegt safnaðarstarf býður almenningi upp á bæn, fræðslu, ígrundun, núvitund, kyrrð, tónlist, menningu og félagsskap. Fjölmargar rannsóknir sýna fram á mikilvægi félagslegra tengsla þegar kemur að líkamlegri heilsu og andlegri líðan fólks.<sup>2</sup> Með margþættu starfi sínu getur kirkjan lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að rjúfa vítahring einsemdar sem fólk á öllum aldri getur upplifað og einnig þegar kemur að valdeflingu viðkvæmra hópa.

Þessu til viðbótar hefur kirkjan sterka sál-gæsluhefð sem hefur það að markmiði að hlúa að líðan fólks. Því getur kirkjan leyft sér að vera stórhuga og markað sér skýra stöðu sem stofnun fyrsta stigs forvarna þegar kemur að andlegri líðan fólks. Með markvissum hætti og samtakamætti getur Þjóðkirkjan gert sig gildandi og lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að bæta andlega líðan þjóðarinnar með forvarnarstarfi sínu. Því má segja að með þessari fræðslustefnu mætist fræðslu- og safnaðarstarf kærleikspjónustunni á miðri leið.

Minnt er á að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögleiddur hér á landi. Mikilvægt er að kirkjan vinni eftir honum og styrki stöðu barna í anda hans með því að flétta ákvæðum hans inn í fræðslu og starfsáætlanir sínar. Í gr. 27 er talað um rétt barna á andlegum þroska. Einnig talað þar um andlega líðan þeirra.

## Heildarmarkmið og matsaðferð

Heildarmarkmið fræðslustefnunnar byggir á þáttum sem snúa að eflingu og vexti kirkjustarfs annars vegar og framlagi kirkjunnar til samfélagsins hins vegar. Til þess að ná því eru lagðir til þrjú markmiðs- og matsþættir: **Tengsl, vöxtur og framlag.**

Lagt er til að hugað sé að þessum þáttum við efnisgerð, skipulag og framkvæmd fræðslu- og safnaðarstarfs. Markmiðin þarf að aðlaga að aldri og þroska þátttakenda, eðli hvers starfs og stærð og staðsetningu safnaða og samstarfssvæða.

### Markmið með hverjum þætti fræðslustefnunnar:

**Tengsl:** Að efla tengsl kirkjunnar við einstaklinga og nærsamfélag með fjölbreyttum hætti.

**Vöxtur:** Að efla vöxt ólíkra hópa sem njóta fræðslu- og safnaðarstarfs með fjölbreytilegum leiðum.

**Framlag:** Að efla framlag kirkjunnar til málefna sem snúa að geðrækt<sup>3</sup> og andlegri uppbyggingu fólks á ólíkum aldurs skeiðum hvort sem það er í nærsamfélagi eða almennt í samfélaginu. Að efla framlag kirkjunnar til þátttöku og fræðslu um hjálparstarf og umhverfismál.

## Lausnamiðað sýmat

Fræðslustefna þessi tekur gildi 1. janúar 2023. Að vori árið 2026 verður boðið til fræðsluþings þar sem huglægt mat verður lagt á árangur þessarar fræðslustefnu og ákvörðun tekin um það hvort halda skuli áfram með þessi markmið og leiðir og þá matsaðferð sem lýst er hér fyrir neðan og nefnt hefur verið *lausnamiðað sýmat*.

Í Þjóðkirkjunni má finna ríkan mannauð vel menntaðra presta, djákna og annars starfsfólks sem hefur mikið að gefa til kirkju og samfélags. Að þessu sinni horfir fræðslustefnan sérstaklega til

<sup>2</sup> Til dæmis: <https://journals.sagepub.com/doi/full/10.1177/0956797612470827>

<sup>3</sup> Sjá hvað átt er við með hugtökunum geðrækt og andleg uppbygging á bls. 5

þeirra enda ber það fólk hitann og þungann af fræðslu- og safnaðarstarfi. Hér er litið svo á að nauðsynlegt sé að bjóða upp á kröftugar leiðir til uppbyggingar kirkjustarfsins eftir samkomutakmarkanir og þjóðfélagsbreytingar. Þess vegna mun Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar bjóða prestum, djáknum, öðru starfsfólki og sjálfboðaliðum upp á matsfundi nokkrum sinnum yfir starfsárið þar sem farið verður í gegnum lausnamiðað símát (sjá nánar hér fyrir neðan). Ráðgert er að bjóða upp á þessa þjónustu þau fjögur ár sem þessi fræðslustefna er í gildi. Fundirnir verða þá haldnir í samstarfi við prófastsdæmin. Gert er ráð fyrir að hluti þessara funda verði með rafrænu sniði til þess að halda kostnaði í lágmarki. Þegar starfsfólk hefur náð tökum á matsmódelinu og ef það finnur sig í því, getur það séð um þessa fundi sjálft.

### **Matsmódel: Fimm þátta líkanið, lausnamiðuð nálgun og markþjálfun**

Í þeirri viðleitni að auka líkur þess að ofangreind markmið náist hefur verið útbúið uppbyggjandi og hvetjandi matsmódel sem felur í sér virka leið til þess að byggja upp fræðslu- og safnaðarstarf. Módelið sem lagt er fyrir presta, djákna og annað starfsfólk, býr yfir uppbyggilegri lausnleit sem felur í sér fyrirkomulag símats. Matsmódelið samanstendur af fimm þátta líkani HAM<sup>4</sup> og aðferðum lausnamiðaðrar nálgunar (e. solution focused approach).

Að fjórum árum liðnum verður árangur og notagildi þessarar matsaðferðar metin með viðhorfskönnun presta. Matsmódelið samanstendur af tveimur þáttum og er þeim beitt í eftirfarandi röð:

#### **1: Fimm þátta líkanið: Áhrifaþáttur hugsana á árangur**

Fimm þátta líkanið á rætur sínar að rekja til Hugrænnar atferlismótunar. Hugræn atferlismótun er gagnreynd aðferð sem þýðir að fjölmargar niðurstöður stórra rannsókna hafa sýnt fram á gagnsemi hennar. Fimm þátta líkanið verður notað til þess að hjálpa starfsfólki að greina hugsanir sínar varðandi þætti í starfinu sem ganga ekki nógu vel. Tilgangurinn er að vinna gegn vonleysi og uppgjöf presta, djákna og annars starfsfólks þegar kemur að fræðslu- og safnaðarstarfi. Unnið er með tvenns konar matsblöð.<sup>5</sup>

a) Greining neikvæðra hugsana

varðandi vanda tengdan starfinu og áhrif slíkra hugsana á það.

b) Jákvæðar hugsanir fundnar um sama vandamál og möguleg áhrif slíkra hugsana greind.

#### **2: Lausnamiðuð nálgun: Metum fyrst og byggjum svo upp skref fyrir skref**

Lausnamiðuð nálgun er áhrifamikil, raunhæf og margreynd leið sem notuð er til jákvæðra breytinga fyrir einstaklinga, hópa og fyrirtæki. Starfsfólk leggur huglægt mat á núverandi stöðu valins þáttar fræðslu- og safnaðarstarfsins, t.d. sunnudagaskólustarfs. Matsþættirnir þrír, tengsl, vöxtur og framlag eru

#### **Lausnamiðað símát (endurtekið með reglulegu millibili):**

**Tengsl:** Með hvaða hætti er hugsun okkar varðandi þennan þátt og hvernig er hægt að færa þá hugsun til jákvæðari vegar ef þess þarf (HAM)? Hver er staðan á þessum þætti núna? Hvað hefur nú þegar verið gert vaðandi þennan þátt? Hver var árangur þess? Hvert er næsta skref í áttina að aukinni tengslamyndun kirkjunnar við einstaklinga og nærsamfélagið?

**Vöxtur:** Með hvaða hætti er hugsun okkar varðandi þennan þátt og hvernig er hægt að færa hana til jákvæðari vegar ef þess þarf (HAM)? Hver er staðan á þessum þætti núna? Hvað hefur nú þegar verið gert vaðandi þennan þátt? Hver var árangur þess? Hvert er næsta skref?

**Framlag:** Með hvaða hætti er hugsun okkar varðandi þennan þátt og hvernig er hægt að færa hana til jákvæðari vegar ef þess þarf (HAM)? Hve mikið hefur verið gert í þessum þætti? Hvert er næsta skref?

<sup>4</sup> HAM: Hugræn atferlismótun.

<sup>5</sup> Nálgast má dæmi um matsblöð í viðauka.

skoðaðir og staðan metin, huglægt, á skalanum 0 – 10 þar sem 0 er slæm staða og 10 er besta mögulega staða. Um leið er ákveðið hvað myndi felast í 10, bestu mögulegu stöðunni, og raunhæft lokamarkmið ákvarðað. Lokamarkmiðið er brotið upp í lítil skref eða skammtímamarkmið, og aðgerðaráætlun gerð sem snýr að því skrefi. Eftir fyrirfram ákveðinn tíma er hist á ný og farið yfir stöðuna með sama hætti og lagt mat á hvort því skrefi hafi verið náð og nýtt skammtímamarkmið sett ásamt einfaldri aðgerðaráætlun. Svona er haldið áfram, skref fyrir skref, þar til besta raunhæfa markmiði er náð.

### Heildarmat að vori

Á hverju vori verður send út stutt viðhorfskönnun til presta, djákna og annars fagfólks þar sem þau leggja mat á starfsárangur út frá ofangreindum heildarmarkmiðum og auk þess sem þau meta gagnsemi og nýtingu matsmódelisins og þess fræðsluefnis og námskeiða sem boðið hefur verið upp á það starfsár. Niðurstöður nýtir Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar til áframhaldandi þróunar efnis, námskeiða og lausnamiðaðs stuðnings við fræðslu- og safnaðarstarf kirkjunnar í landinu.

## Aðgerðaráætlun: Leiðir að markmiðum

Hér má finna nánari áætlun þar sem fram koma markmið, leiðir og mat einstaka þátta í fræðslu- og safnaðarstarfi kirkjunnar. Bent er á að ekki er ætlast til þess að hver einasta sókn vinni í öllum þeim þáttum sem taldir eru upp hér fyrir neðan. Hins vegar er lagt til að hugað sé að öllum þessum þáttum og þeim sé sinnt innan prófastsdæma og/eða samstarfssvæða. Minnt er á að sérstök áhersla er lögð á ungt fólk og unglिंगastarf í stefnumótun kirkjunnar.

### Starfsfólk: Fræðsla og uppbygging

*Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:*

- Mælt er með sérstökum undirbúningsfundum á samstarfssvæðum í upphafi hverrar annar þar sem safnaðarstarf er rætt.

*Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:*

- Boðið er upp á lausnamiðað símat sem stuðning við það að ná ofangreindum markmiðum. Um leið verður skapaður vettvangur presta, djákna og annars fagfólks til þess að deila þekkingu sinni og hugmyndum.
- Starfsfólk fái í hendur stuðnings- og fræðsluefni sem styður við ofangreind markmið. Efnið fer ýmist inn á Efnisveituna á kirkjan.is, inn á hlaðvörp kirkjunnar eða er útgefið í prentformi.
- Möguleikar til fræðslu á netinu sem tengjast alþjóðlegum verkefnum með kirkjum, háskólum og kirkjustofnunum verða nýttir.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

### Umhverfismálin

*Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:*

- Söfnun birkifræja: Sóknir eru hvattar til þess að safna birkifræjum og gefa til Skógræktarinnar, en samstarfi við Skógræktina hefur þegar verið komið á og er í höndum Þjónustumiðstöðvarinnar. Fermingarbörnin, sunnudagaskólinn, æskulýðsfélögin,



foreldramorgnar, kórar o.fl. geta tekið þátt í söfnuninni að hausti. Verkefnið tengist átaki Sameinuðu þjóðanna um endurheimt landgæða og skóglendis sem hefur tapast.

- Skírnerskógurinn: Hvert skírnbarn fær þúsund birkifræ gefins frá kirkjunni og er fjölskyldan hvött til þess að koma fræjunum fyrir úti í náttúrunni. Prestar afhenda kortin við skírn. Sama á við um skírnarkveðju frá kirkjunni: *Undir birkitré*.

*Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:*

- Umhverfismál verði sett á dagskrá í fræðsluefni ólíkra aldurshópa. Auk þess sem vísað er á eldra efni.
- Þjónustumiðstöð og Skálholtsútgáfan útvega prestum skírnarkort með birkifræjum.
- Skírnarkveðjan, *Undir birkitré*, bók útgefin af Skálholtsútgáfu til gjafar til skírnbarna.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti árlega öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

## Skírnin

Í síðustu fræðslustefnu voru skírnamálin sett á oddinn. Ástæða þykir til þess að fylgja eftir þeirri vinnu og þeim hugmyndum sem þá komu fram.

*Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:*

- Skírnarkveðju dreift til foreldra skírnbarna.
- Þátttaka í skírnerskóginum. Kort afhent við skírn ásamt skírnbókinni *Undir birkitré*.
- Krílasálmar.
- Foreldramorgnar.

*Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:*

- Krílasálmar: Fræðsluefni og námskeið fyrir tónlistarfólk, presta, djákna og aðra fræðara.
- Hlaðvarp: Þættir um inntak skírnarinnar, foreldrahlutverkið, fjölskyldutengsl, samskipti, barnatrúna, og fleira. Þættir sem prestar og aðrir fræðarar geta vísað foreldrum skírnbarna á.
- Foreldramorgnar: Nýtt og aðgengilegt efni fyrir foreldramorgna. Námskeið fyrir stjórnendur.
- Málþing um skírninga frá öllum sjónarhornum í anda norræna verkefnisins CiTC<sup>6</sup> sem íslenska Þjóðkirkjan hefur tekið þátt í.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti árlega öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

## Fermingarstörf

*Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:*

- Fermingarfræðsla þar sem áhersla er lögð á það hvernig trúin getur verið fólki skjól í lífinu. Almenn trúfræðsla, biblíuþekking, bænalíf, mannkostamenntun; kristnar dygðir og gildi sem lífsleikni.

---

<sup>6</sup> <https://churchesintimesofchange.org>

- Mælt er með því með að tónlistinni og söngnum verði gert hátt undir höfði. Þá er undirleikur mikilvægur.
- Þátttaka í umhverfisvernd: Fermingarbörnin taki þátt í söfnun birkifræja í samstarfi við Skógræktina.
- Hjálparstarf: Fermingarbörn taki þátt í söfnun Hjálparstarfs kirkjunnar eins og hefð er orðin fyrir.

*Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:*

- Haldið er utan um gerð fjölbreytilegs fræðsluefnis.
- Námskeið fyrir presta og aðra fermingarfræðara þar sem efni er kynnt. Einnig verður lögð áhersla á að fermingarfræðarar geti miðlað góðum hugmyndum sín á milli.
- Hlaðvarpsþættir: Þættir fyrir foreldra um unglingsárin, forvarnir, foreldrahlutverkið, fjölskyldutengsl, samskipti, aldur raunsæisins, trúarþroskann og fleira. Þættir sem prestar og aðrir fræðarar geta vísað foreldrum skírnbarna á.
- Hlaðvarpsþættir: Þættir fyrir unglunga, en skólar eru duglegir að láta nemendur sína hlusta á vönduð og uppbyggileg hlaðvörp. Leiðsögn varðandi unglingsárin, líðan og félagsfærni. Hlaðvörpin verða kynnt kennurum. Prestar geta einnig vísað fermingarbörnum og foreldrum þeirra á þessi hlaðvörp.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

**Barnastarfið: Sunnudagaskólinn, 6-9 ára starfið, 10-12 ára starfið, barnakórar.**

*Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:*

- Haldið er úti barnastarfi: Sunnudagaskólinn, 6-9 ára starf, 10-12 ára starf, barnakórar.
- Mælt er með því með að tónlistinni og söngnum verði gert hátt undir höfði. Þá er undirleikur mikilvægur.

*Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:*

- Fjölbreytilegt fræðsluefni fyrir barnastarfið þar sem valdar eru biblíusögur, sögur, sálmar og söngvar sem styðja við geðrækt og andlega uppbyggingu barna. Áhersla er lögð á meðvitund um kristin gildi, siðgæði og mannkosti auk bænalífs þar sem börnin læra að leggja alla hluti í hendur góðs Guðs.
- Fallegt úthendi til þeirra sem koma í sunnudagaskólann. Bakhliðar kortanna eru nýttar til þess að koma uppbyggilegum skilaboðum á framfæri til foreldra varðandi gæðastundir og örvun þroska barna.
- Námskeið fyrir starfsfólk í barnastarfi kirkjunnar þar sem það fær kynningu á nýjungum í barnastarfi og nýju námsefni og kennt að nýta sér lausnamiðað mat starfinu til framdráttar.
- Hlaðvarpsþættir: Hlaðvörp fyrir foreldra þar sem áhersla er lögð á uppeldi barna á leik- og grunnskólaaldri, breytingar vegna aldurs og þroska barnsins, örvun þroska og félagsfærni, barnatrúin o.fl. Þar má auk þess finna pistla og umræður um geðrækt, hamingju og trú.
- Barnastarfið hafi kost á því að taka þátt í söfnun birkifræja eins og nefnt er hér fyrir ofan.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

## Grunnskólar/kristinfræði með lífsleikni

### Markmið:

*Tengsl:* Að mynda tengsl við kennara sem kenna kristinfræði í grunnskólum og fá þá til samstarfs.

*Vöxtur:* Að efla kristinfræði sem námsgrein í grunnskólum þar sem tekið er mið af aðalnámskrá grunnskóla<sup>7</sup>. Að bæta biblíusöguþekkingu barna áður en þau mæta til fermingarfræðslu. Að styðja við biblíufræðslu heimila og safnaða.

*Framlag:* Að styrkja almenna þekkingu barna á biblíusögunum og nýta efni þeirra til þess að styðja við lífsleikni, félagsfærni, dygðalæsi og mannkostamenntun. Að efla íslenska tungu og auðga málnotkun barna í íslensku<sup>8</sup> þar sem áhrifaþáttur Biblíunnar á íslenskt mál er dreginn fram í dagsljósið.

### Leiðir:

*Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:*

- Útbúinn er nútímalegur og spennandi námsvefur fyrir börn á miðstigi grunnskóla. Vefinn á einnig að vera hægt að nýta í kirkjustarfi.
- Vefurinn verður unninn í samstarfi við kristinfræðikennara (samfélagsfræðikennara).
- Námskeið fyrir kennara þar sem vefurinn er kynntur og sýnt hvernig hægt er að nýta hann í kennslu.
- Vefurinn er einnig auglýstur fyrir heimilin.

### Mat:

Mat á þessum lið snýr að hreyfingum á vefnum og mati kennara á notagildi hans.

Samfélagsfræðikennarar/kristinfræðikennarar verða fengnir í starfshóp sem leiðbeinir um þróun hans og leggur mat ágæti vefsins varðandi notkun hans í skólastarfi.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að verkefnið sé unnið í áföngum og verði vefurinn fullunninn áður en þessi fræðslustefna rennur sitt skeið.

## Unglingastarfið (æskulýðsfélögin)

Samkvæmt stefnumótun kirkjunnar skal sérstök áhersla lögð á unglunga og ungt fólk en rannsóknir sýna aukna vanlíðan í þessum aldurshópi.

*Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:*

- Að bjóða upp á vandað og spennandi æskulýðsstarf.
- Mælt er með því með að tónlistinni og söngnum verði gert hátt undir höfði. Þá er undirleikur mikilvægur.
- Hlúa þarf að unglingakórum. Söngur og geðrækt haldast vel í hendur.
- Umhverfisvernd: Markviss fræðsla og þátttaka æskulýðsfélaganna í umhverfisstarfi kirkjunnar m.a. birkifræjasöfnun.

<sup>7</sup> <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-24>: 24.1 Menntagildi og megintilgangur samfélagsgreina.

<sup>8</sup> <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-19>: 19.1.2. Lestur og bókmenntir.

- Kirkjur eru hvattar til þess að bjóða upp á sjálfstyrkingar- og samskiptanámskeið fyrir unglunga sem standa höllum fæti.

Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar í samstarfi við ÆSKP:

- Gerð fræðsluefnis fyrir unglingastarf. Fræðsluefnið styðji við þá stefnu að hlúa vel að andlegri líðan og vinni að fjölbreytilegum forvörnum.
- Gerð efnis fyrir æskulýðsdaginn.
- Endurskoðun á fræðsluefni fyrir Leiðtogaskóla kirkjunnar.
- Námskeið og vinnustofur fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi.

Í höndum ÆSKP:

- Undirbúningur landsmóts æskulýðsfélaga. Áhersla lögð á trúarlíf, geðrækt og andlega uppbyggingu.

Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar.

- Geðrækt, andleg uppbygging og uppeldi í trú: Hlaðvarpsþættir fyrir unglunga (hér má samnýta þætti, sjá fermingarstörf).  
• Hlaðvarpsþættir: Kynning fyrir grunnskólakennara á þeim hlaðvarpsþáttum sem útbúnir eru fyrir unglunga og snúa að líðan, lífsleikni og félagsfærni.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að unnið sé að þessum þætti öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu enda hefur þessi málaflokkur verið settur á oddinn í stefnumótun kirkjunnar.

## Ungt fólk

Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:

- Prófastsdæmi og/eða samstarfssvæði leiti leiða til þess að ná til ungs fólks.
- Þátttaka í fjölbreytilegu forvarnarstarfi (umhverfismál, áfengis- og vímuvarnarmál o.fl.).
- Þátttaka í hjálparstarfi.

Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:

- Hlaðvarpsþættir: Þættir gerðir fyrir ungt fólk um lífið og framtíðina, líðan og geðheilsu. Starfsfólk kirkjunnar getur vísað ungu fólki á þættina og unnið með efni þeirra.
- Kynningar á samfélagsmiðlum/áhrifavaldar: Ég, sjálfmyndin, geðheilsan, trúin.
- Fræðsluefni og námskeið fyrir leiðtoga. Kynningar á verkefnum sem tengjast erlendu samstarfi.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að unnið sé að þessum þætti öll fjögur ár fræðslustefnunnar.

## Fullorðið fólk

Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:

- Kirkjustarf fullorðinna: Starf eldri borgara, kvenfélög, bræðrafélög, líknafrélög, kórar, fólk sem býr við andlegar áskoranir o.fl. Lagt er upp með fræðslu eða starfsemi sem styður við geðrækt og andlega uppbyggingu, trúarlíf, trúfræðslu og almenna samveru.
- Framkvæmd námskeiðanna *Konur eru konum bestar* og *Alfa* námskeiða.
- Framkvæmd námskeiðsins *Vinir í bata*.

Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:

- Námskeið fyrir starfsfólk sem sér um starf eldri borgara (*samstarf við Eldriborgararáð*).
- Fræðsluefni fyrir starfsfólk sem sér um starf eldri borgara (*samstarf við Eldriborgararáð*).
- Námskeið fyrir stjórnendur námskeiðsins *Vinir í bata*.
- Endurskoðun efnis og námskeið fyrir fræðara sem halda munu námskeiðið *Konur eru konum bestar*.
- Hlaðvarpsþættir: Geðrækt í skjóli kristinnar trúar og andleg uppbygging í trú: Fræðslan af ólíkum æviskeiðum fullorðinsáranna og þeim áskorunum sem hverju aldurskeiði fylgir: Að verða fullorðinn, persónuleg uppbygging, ungir foreldrar, foreldrar eldri barna, foreldrar unglinga. Hjónabandið, fjölskyldan og samskipti, skilnaður, sorgin, það að eldast, að vernda vináttu o.s.frv. Efnið geta prestar, djáknar og annað starfsfólk kirkjunnar nýtt sér og/eða vísað skjólstæðingum sínum á.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

## Kynningarmál

Mikilvægt er að kirkjan kynni fjölbreytilegt starf sitt þannig að þau sem áhuga hafa sjái hvað er í boði.

Í höndum prófastsdæma/samstarfssvæða/sókna:

- Prófastsdæmi og einstaka sóknir auglýsa starf sitt með fjölbreytilegum hætti t.d. á samfélagsmiðlum.

Í höndum Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar:

- Framleiðsla auglýsingaefnis sem sóknir geta nýtt sér.
- Birting auglýsinga í fjölmiðlum.

## Kirkjudagar

Kirkjudagar voru haldnir á Skólavörðuholti árið 2005. Nú er stefnt er að því að halda kirkjudaga á ný. Þar mun Þjóðkirkjan vekja athygli á fjölbreytilegu starfi og þjónustu og benda á það hlutverk sem hún gegnir í samfélaginu. Vandað þarf til verkefnisins og hefja undirbúning á fyrsta gildisári þessarar fræðslustefnu. Gert er ráð fyrir að um sé að ræða samstarfsverkefni Þjónustumiðstöðvar kirkjunnar og prófastsdæma um allt land.

**Tímalengd verkefnis:** Gert er ráð fyrir að hugað sé að þessum þætti öll fjögur ár þessarar fræðslustefnu.

## Efnisveitan, kirkjan.is og hlaðvörp kirkjunnar


- Hlúa þarf að Efnisveitu kirkjustarfsins þannig að starfsfólk kirkjunnar eigi auðvelt með að nálgast efni sem styður við fræðslu- og safnaðarstarf.
- Sama gegnir um vefinn kirkjan.is þannig að hann geti gegnt fjölbreytilegu fræðsluhlutverki í samfélaginu og stutt við starfsáætlun fræðslustefnunnar.
- Einnig þarf að hlúa að fjölbreytilegu hlaðvarpi kirkjunnar þannig að þangað safnist áfram fjölbreytilegt og áhugavert fræðsluefni bæði fyrir starfsfólk kirkjunnar og fyrir almenning.

## Greining hugsana: Neikvæð áhrif hugsana á kirkjustarfið

Með hvaða hætti er hugsun okkar varðandi þennan þátt og hvernig er hægt að færa hana til jákvæðari vegar ef þess þarf?<sup>9</sup>

1. Áhyggjuhugsun varðandi starfið:

2. Hvernig líður mér þegar ég hugsa með þessum hætti?



5. Hvaða áhrif gæti þetta haft á starfsárangurinn?

4. Hvaða áhrif hefur þetta á líkamann?

3. Hvað geri ég/eða kem mér hjá að gera þegar mér líður svona?


<sup>9</sup> <https://ham.reykjalundur.is/medferdarhandbok/5.-fimm-thatta-likanid/>

## Greining hugsana: Jákvæð áhrif hugsana á kirkjustarfið

Með hvaða hætti er hugsun okkar varðandi þennan þátt og hvernig er hægt að færa hana til jákvæðari vegar ef þess þarf?

1. Þjartsýnishugsun varðandi sama þátt og skoðaður var á blaði 1.

2. Hvernig líður mér þegar ég hugsa með þessum hætti?



### 3. Lausnamiðuð nálgun – Matsblað

Dagsetning:

**Hvaða starf er til skoðunar:**

**Hakið við þann matsþátt sem er til skoðunar:**

Tengsl	
Vöxtur	
Framlag	

#### Markmið samkvæmt fræðslustefnu

**Tengsl:** Að efla tengsl kirkjunnar við einstaklinga og nærsamfélag með fjölbreyttum hætti.

**Vöxtur:** Að efla vöxt ólíkra hópa sem njóta fræðslu- og safnaðarstarfs með fjölbreytilegum leiðum.

**Framlag:** Að efla framlag kirkjunnar til málefna sem snúa að geðrækt og andlegri uppbyggingu fólks á ólíkum aldurskeiðum hvort sem það er í nærsamfélagi eða almennt í samfélaginu. Að efla framlag kirkjunnar til þátttöku og fræðslu um umhverfismál.

#### Mat:

Hvernig metið þið stöðuna á skalanum 0-10 (merktu við skalann).

0 = Ekkert starf og ekkert starfsfólk.

10 = Allt í topp málum.

Hvernig hljómar lokamarkmiðið:

Hver er núverandi staða á þessum þætti? (Veljið tölu á kvarða).

Lýsið því hvað er innifalið í þeirri tölu?

Hvað hefur nú þegar verið gert varðandi þennan þátt og hvernig gekk það?

Hvað litla skref verður tekið til þess að hækka töluna **um einn á skalanum?**

Hvenær verður það framkvæmt og hver ber ábyrgð á því?

Hvaða utanaðkomandi aðstoð væri mögulegt að fá?

10
9
8
7
6
5
4
3
2
1
0

*Samþykkt á kirkjuþingi 25. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar 26. október 2022.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings